

Alþingi
Erindi nr. P 130/2082
komudagur 21.04.2004

Reyðarfjörður 19.04 2004

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 747. mál.

Áttunda mars 2004, átti ég fund með Ívari Þorsteinssyni hjá Orkustofnun um aðgang Rafveitu Reyðarfjarðar að flutningsnetinu.

Gerði þar grein fyrir afhendingarstað sem Rafveitan hefur haft en þar varð sú breyting að Rarik lagði niður 30KV línu út á Reyðarfjörð og setti 11KV streng í staðinn sem Rarik á. Það er eðlilegt og brýnt að afhendingarstaður verði sá sami og verið hefur og fylgi flutningskerfinu.

Meðfylgjandi er fundargerð Orkustofnunar frá 8. mars 2004.

Virðingarfyllst,

Rafveita Reyðarfjarðar
Sigfús Guðlaugsson

Orkustofnun

Veitumál

23. mars 2004

ÍP/

Rafveita Reyðarfjarðar - fundargerð

Þann 8. mars s.l. kom Sigfús Guðlaugsson, rafveitustjóri Rafveitu Reyðarfjarðar í heimsókn til að forvitnast um nýjar tillögur iðnaðarráðuneytisins að umfangi flutningskerfisins, sem OS hefur verið að útfæra. Svo virtist sem litlar eða engar upplýsingar hafi borist til hans varðandi tillögugerðina frá Samorku eða öðrum. Sigfús hefur áhyggjur af stöðu rafveitunnar eftir breytingarnar og koma þær til af ýmsum þáttum. Hér að neðan verður reynt að rekja helstu þætti sem upp komu í viðræðunum.

a) Tenging veitunnar í dag við "flutningskerfið":

Við undirbúning tillagna að breyttu umfangi flutningskerfis voru fengnar margvíslegar upplýsingar frá dreifiveitum landsins. M.a. fengustu upplýsingar frá Rarik varðandi tengingu við Rafveitu Reyðarfjarðar (RR). Upplýst var að RR og Rarik nýttu saman 11 kV streng, sem tengdist 66 kV aðveitustöð Rarik að Stuðlum í botni Reyðarfjarða. Umrædd 66 kV aðveitustöð mun, skv. tillögunum, verða hluti af flutningskerfinu. Af þessum ástæðum var gengið út frá í tillögunum að RR hefði fullnægjandi tengingu á Búðareyri.

b) Nýlegar breytingar:

Í viðræðunum kom fram að fyrir skömmu varð breyting á raforkuflutningi til RR, þegar Rarik lagði niður 30 kV aðveitulínu, sem lá út að aðveitustöð við Reyðarfjörð. Á sama tíma flutti Rarik álag 30 kV línunnar yfir á 11 kV strenginn sem fæddi RR. Strengurinn var lagður af Rarik og er þeirra eign, en segja má að hann sé hluti af afhendingarskilmálum, tengdum heildsölugjaldskrá Rarik. Gömul 30 kV loftlína, rekin á 11 kV, var notuð til fæðingar á þeim sveitarbýlum sem eru utan við Reyðarfjörð (Framnes, Sómastaðir, Sómastaðagerði, Hraun, Flateyri og Hólmar (ekki ljóst hvort allir eru í byggð)). Sú lína var orðin gömul og bilaði á síðasta ári og hefur nú verið rifin. Í kjölfar bilunarinnar voru gerðar breytingar á fæðingu þessara býla í samráði við RR, en þau eru nú fædd í gegnum RR.

c) Fjarðarál og vinnurafmagn:

Auk "30 kV" línunnar, sem rifin var, liggur nýleg 66 kV lína ofan byggðar Reyðarfjarðar (Stuðlar-Eskifjörður), en hana hyggst Rarik nota sem fæðilínu fyrir vinnurafmagn vegna byggingar verksmiðjunnar. Í þessu skyni verður byggð 66 kV aðveitustöð við Sómastaðagerði.

d) Fjarðarál og íbúafjölgun:

Nú eru aðstæður að breytast vegna byggingar Fjarðaráls. Bæði er um að ræða fjölgun starfsmanna álversins og einnig starfsmanna byggingarverktaka er reisa verksmiðjunnar. Vinnubúðum, með um 300 íbúðum, verður komið fyrir í austasta

hluta veitusvæðis RR, utan byggðar Reyðarfjarðar. Þarna verður um tímabundna notkun að ræða á meðan á uppbyggingu verksmiðjunnar stendur. Rarik mun sjá vinnubúðunum fyrir raforku og er samkomulag milli RR og Rarik um þessa tilhögun. Raforka fyrir vinnubúðirnar verður fengin úr aðveitustöðinni við Sómastaðagerði. Ástæðan fyrir því, að RR hefur ekki áhuga á þessari raforkudreifingu, er að hér er um hlutfallslega mikið tímabundið viðbótarálag að ræða, sem krefst stækkunar spennis (11 kV vafs) í aðveitustöðinni að Stuðlum, viðbótarstrengs frá Stuðlum til Reyðarfjarðar, auk þess sem styrkja þarf dreifikerfið í bænum vegna viðbótarinnar. Þessu til viðbótar munu um 300 íbúðir verða byggðar á næstu árum á Reyðarfirði og mun RR annast raforkudreifingu vegna þeirra. Með þessari aukningu verður 11 kV flutningsstrengur til Reyðarfjarðar fullnýttur og hefur Sigfús áhyggjur af því. Fyrir liggur samkomulag milli Rarik og RR um lagningu nýs strengs frá Stuðlum að afhendingarstað RR.

Samantekt:

1. Þar sem 11 kV strengur frá Stuðlum er samnýttur verður ekki beinni mælingu á raforku við komið. Þetta er galli en þó ekki frágangssök.
2. Vegna álags þarf að styrkja 11 kV streng frá Stuðlum. Rarik lagði núverandi streng og þær eiga strenginn.
3. Til samræmis ætti strengurinn að tilheyra flutningskerfinu (sbr. Vestmannaeyjar), þótt tillögurnar hafi ekki gengið út á það. Flutningskerfið ætti því að kaupa hann af Rarik, Rarik legði hann til flutningskerfisins sem hlutafé eða leigði hann.
4. Við venjulegar aðstæður leggur flutningskerfið aðeins eina flutningleið til dreifiveitu. Hér þarf að skoða betur álag strengsins og meta aukningu næstu ára þegar ákvörðun verður tekið um hvort kaup flutningsfyrirtækisins á strengnum séu eðlileg eða ekki. Ella ætti dreifiveitan að greiða kostnað við strenginn.
5. Bent var á að tillögugerðinni væri lokið og hún hafi verið send frá OS. Því yrði ekki um að ræða breytingar á tillögunni sjálfri. Breytingum þyrfti að koma til iðnaðarráðuneytis eða stjórnámálanna úr því sem komið væri og óska eftir breytingum í meðferð Alþingis.
6. Telja verður sanngirnismál að umræddur strengur falli inn í flutningskerfið til samræmis við aðrar lausnir í tillögunum og að fengnum ítarlegri upplýsingum eins og fram koma hér að ofan.

Ívar Þorsteinsson